

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknarsjóð Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar.

2. gr.

Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnendur eru Sigrún Ástrós Sigurðardóttir, kt. 181013-3389, og Haraldur Sigurðsson, kt. 040508-2609, nú látinn. Fjárhæð sjóðsins er mynduð úr andvirði eigna Sigrúnar og Haralds, sbr. erfðaskrá þeirra, dags. 20. júlí 1983.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1.000.000 kr.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal standa óskertur og ber að ávaxta vel en vaxtatekjum hans skal ráðstafað árlega til að stuðla að tilgangi sjóðsins. Ef sérstakar aðstæður kalla á það getur sjóðstjórnin heimilað frekari ráðstöfun, enda séu allir stjórnarmenn sammála um það. Þó skal aldrei skerða lágmarksstofnfé.

7. gr.

Við mat á umsóknum um styrki úr sjóðnum skal vísindalegt gildi rannsóknarverkefnis lagt til grundvallar.

8. gr.

Stjórnin tekur ákvörðun um styrki úr sjóðnum og ber að auglýsa umsóknarfrest. Stjórnin metur þær umsóknir sem berast.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og er skipunartími þeirra fimm ár. Einn skal vera bókavörður sá sem sér um kortasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á hverjum tíma. Annar stjórnarmaður sé tilnefndur af líf- og umhverfisvísindadeild verkfræði- og náttúruvísindasviðs við Háskóla Íslands og hinn þriðji af fagráði um félagsvísindi og hugvísindi hjá Rannsóknasjóði. Jafnframt skulu skipaðir varamenn frá sömu aðilum til sama tíma.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Fyrsta reikningstímabil er frá stofnun sjóðsins til næstu áramóta.

11. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu og umsýslu sjóðsins. Henni er þó heimilt með sérstakri ákvörðun að fela Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) fjárvörslu sjóðsins í samræmi við reglur þeirrar stofnunar um opin og fagleg vinnubrögð. Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga hans fyrir hvert starfsár.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt eða hún felld niður nema allir stjórnarmenn veiti samþykki sitt og fær breytingin ekki gildi nema með staðfestingu sýslumanns.

13. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 24. apríl 2009.*

**Ríkarður Másson.**

Helgi Már Ólafsson.